



Fundargerð

Miðvikudaginn 26. nóvember 2014 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólabjónustu A-Hún kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins Skagastrandar.

Á fundinn voru mætt: Jón Gíslason, Valgarður Hilmarrsson, Halldór G. Ólafsson, Vignir Sveinsson, Auður H. Sigurðardóttir og Magnús B. Jónsson.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2015 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2015 til seinni umræðu sem stjórn hafði áður fjallað um á fundi 18. nóvember. Stjórnarmenn yfirfóru áætlunina og ræddu einstaka liði. Valgarður lagði til að tekjur Sæborgar vegna „dagvistargjalda“ verði hækkaður úr 45 milljónum í 50 milljónir í áætlun og „endurgreiðslur sveitarfélaga“ verði lækkaður úr 14,5 milljónum í 9,5 milljónir. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Með þeirri breytingu er gert ráð fyrir að heildarframlög aðildarsveitarfélaga nemi samtals 74.738 þús. Skipting framlaga sveitarfélaganna milli málaflokka og verkefna er að vegna almennrar félagsbjónustu verði samtals 49.903 þús. til skólabjónustu 11.318 þús. til dreifnáms 4.017 þús. og til öldrunarmála 9.500 þús. Áætluð rekstrarniðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um 1.316 þús. en niðurstaða eignasjóðs neikvæð um 1.568 þús. og rekstur Sæborgar neikvæður um 4.099 þús. Heildarniðurstaða rekstrar er áætluð neikvæð um 4.351 þús. Í sjóðstreymisyfirliti kemur fram að veltufé frá rekstri samstæðu er áætlað jákvætt um 7.214 þús. Fjárfestingar eru áætlaðar 10 milljónir. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunar er gert ráð fyrir að handbært fé verði neikvætt um 697 þús. í árslok .

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Félags- og skólabjónustu A-Hún felur framkvæmdastjóra að boða sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga á sameiginlegan fund í upphafi árs 2015. Á þeim fundi verði meðal annars rætt um málefni aldraðra í A-Hún.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun var borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Fjármál vegna kostnaðar við Hnitbjörg

Fyrir voru tekin fjármál vegna utanhússfrágangs við Hnitbjörg skv. skýrslu framkvæmdastjóra 14. okt. 2014. Á fundi stjórnar 18. nóvember sl. var frestað afgreiðslu á hvernig farið skuli með kostnað vegna lóðafrágangs við Hnitbjörg. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er áætlað að mismunur fjármögnunar með lántökum og heildarkostnaðar að meðtöldum lóðafrágangi sem féll til sl. sumar sé um 4,5 milljónir króna.

Formaður lagði fram svohljóðandi bókun:

„Það er með öllu óviðunandi að þeir samningar vegna framkvæmda sem stjórn Félags- og skólabjónustu A-Hún samþykkir, standist ekki. Því hefði verið réttast að upplýsa stjórn strax þegar viðbótarkostnaður var farin að hlaðast upp. Það er von mín að slík framúrkeyrsla á verksamningi og fjárhagsáætlun endurtaki sig ekki.“



Félags- og skólabjónusta A- Hún

Stjórn ræddi málið og komst að þeirri niðurstöðu að heppilegra sé að sá kostnaður verði færður á fjárhagsári 2014. Samþykkt að senda aðildarsveitarfélögum reikning fyrir kostnaðinum á árinu skv. skiptingu kostnaðar vegna öldrunarmála.

3. Skipun í starfshóp um almenningssamgöngur í A-Hún

Stjórn tók fyrir skipun tveggja manna í starfshóp um almenningssamgöngur. Þessir tveir fulltrúar hafi það hlutverk að starfa með ráðgjafa að endurmati á hvernig er háttað og hver sé þörf á almenningssamgöngum í A-Hún.

Halldór G. Ólafsson og Þorleifur Ingvarsson voru skipaðir í starfshópinn.

4. Önnur mál

Valgarður og Auður fóru yfir stöðu á fjármálum vegna málefna fatlaðs fólks þar sem unnið er að úttekt á málinu með aðstoð ráðgjafa. Ef ekki verða beytingar á fjárhagslegum forsendum málaflokksins á starfssvæði Róta bs. er fyrirséður fjárskortur til málaflokksins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 18.00

Jón Gíslason,

Halldór G. Ólafsson,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Magnús B. Jónsson

Auður H. Sigurðardóttir